

Dalvíkurskóli

Bekkjarnámskrá 4. bekkjar
skólaárið 201**6** - 201**7**

Umsjónarkennarar

Elfa Dröfn Stefánsdóttir
Erna Þórey Björnsdóttir
Margrét Magnúsdóttir

Í Dalvíkurskóla er teymiskennsla sem byggist á því að tveir til þrír árgangar vinna töluvert saman og nokkrir umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendum. Nemendur 3. og 4. bekkjar mynda eitt teymi og er þeim ýmist kennt í árgangaskiptum hópum eða blönduðum, bæði í bóklegum- og verklegum námsgreinum. Þrír umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum 3. og 4. bekkjar þó þeir skipti nemendahópnum á milli sín og hafi yfirumsjón með ákveðnum nemendum.

Íslenska

Kennari: Elfa Dröfn Stefánsdóttir, Erna Þórey Björnsdóttir og Margrét Magnúsdóttir

Vikustundir: 240 – 300 mínútur

Hæfniviðið: Stefnt er að því að nemendur geti:

- **Talað mál, hlustun og áhorf:**

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

- **Lestur og bókmenntir:**

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætlum börnum.
- Beitt hugtökum eins og persónu, sögu.ræði, umhverfi og boðskap.
- Beitt fáeinum hugtökum í bragðfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.

- Aflað sér upplýsing úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum. Svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringaryndum, kortum og myndritum.
- **Ritun:**
 - Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
 - Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta. Svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
 - Samið texta út frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
 - Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
 - Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
 - Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.
- **Málfræði:**
 - Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
 - Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
 - Raðar í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
 - Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
 - Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
 - Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.
 - Greint mun á sérnöfnum og samnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
 - Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.
 - Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.

Námsefni

- Lestrarbækur í samræmi við getu hvers og eins úr bókakompu og af bókasafni.
- Gæðatextar (svo sem barnabækur, fræðibækur og ljóð).
- Lesrún og önnur lesskilningsverkefni.
- Æfingarhefti í skrift og aðrar skriftaræfingar.
- Ýmsar stafsetningaæfingar.
- Ýmis verkefni tengd Byrjendalæsi og Orð af orði.
- Spil af ýmsum toga.
- Ýmis kennsluforrit.
- Unnið verður eftir hinum ýmsu þemaverkefnum og námsefni valið eftir þeim hverju sinni.

- Ítarefni sem sumir nemendur fara í: Ritrún 2, Ás, Tvistur og Þristur.

Inntak námsgreinar og kennslutilhögun

Skólinn hefur tileinkað sér kennsluaðferð í lestrar- og íslenskukennslu sem nefnist *Byrjendalæsi* og *Orð af orði*. Þessar tvær aðferðir munu fléttast saman í íslenskukennslunni í vetur. *Byrjendalæsi* skiptist í stuttu máli í þrjú þrep. Á fyrsta þrepi er gæðatexti lesinn og ræddur, auk þess sem nýr orðaforði er lagður inn. Á öðru þrepi er unnið með lykilorð og bókstafi á ýmsa vegu, svo sem með stafagerð, samvinnuspjöldum, stafa- og orðasúpum, minnisspilum, orðabingó og sóknarskrift. Á þriðja þrepi er unnið að enduruppbyggingu texta, til dæmis með teikningu, frásögnum, ritun og leikrænni tjáningu. *Orð af orði* er í raun framhald af *Byrjendalæsinu* þar sem sú aðferð byggir á svipuðum þáttum og *Byrjendalæsið* og því fléttast þessar tvær aðferðir mikið saman. Markmið *Orðs af orði* er að nemendur efli orðvitund sína, orðaforða og hæfni til að ráða merkingu orða; að þeir geti nýtt orðaforða sinn á fjölbreyttan hátt og efli skilning sinn í tengslum við mál, lestur og nám. Stefnt er að því að nemendur efli lesskilning og færni í að nota orðaforða sinn á markvissan hátt m.a. til að eiga auðveldara með að skilja námstexta og að tjá sig, greina frá þekkingu sinni og skoðunum með blæbrigðaríku máli. Haldið verður áfram að innleiða lestrarþjálfunaraðferðina PALS á þessu skólaári. PALS er viðbót við hefðbundna lestrarkennslu að því leiti að nemendur vinna í þörum með mismunandi hlutverk. Lestur og tungumálið lærist þannig í gegnum virk og markviss samskipti barna. Inn á heimasíðu skólans má lesa meira um þessar kennsluaðferðir. Með þessum aðferðum verður unnið með alla þætti íslenskunnar. Einnig verður stuðst við kennsluaðferðina Leikur að læra sem leggur áherslu á að samþætta hreyfingu og nám. Hægt er að nota aðferðina til að brjóta upp kennslu eða í kennslustund í heild sinni og ná markmiðum nemenda á skemmtilegan og líflegan hátt. Kennsluaðferðin virkar mjög vel fyrir þennan aldur þar sem hreyfipörfin er mikil, enda sýna rannsóknir að hreyfing hefur áhrif á hæfileikann til að varðveita nýja þekkingu. 3. og 4. bekkur mun vinna í blönduðum námshópum í vetur. Unnið verður ýmist í getublönduðum, getuskiptum hópum þvert á bekki eða eftir árgöngum.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta, orðalista og stök orð, sem og umræðum eða sögugerð út frá myndum, spilamennsku og fleiru.
- *Sjálfbærni* tengist umræðum um ýmis álitamál, þar sem nemendur taka til dæmis afstöðu með eða á móti eða velta fyrir sér kostum og göllum.
- *Lýðræði og mannréttindi* og *jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda, sem og ýmsum textum og umræðuefnum sem unnið verður með.
- *Heilbrigði og velferð* tengist tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að lesa upp fyrir aðra, að geta tjáð sig á góðri íslensku og fleira.

- *Sköpun* tengist sögu- og ljóðagerð nemenda, sem og þegar þeir myndskreyta verk sín.

Námsmat:

- Lestrarpróf frá MMS lögð fyrir í september, janúar og maí.
- Nemendur safna verkefnum í námsmöppu yfir allt skólaárið.

Haustönn.

- Lesskilningsprófið Orðarún.
- Stafsetningarpróf.
- Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir önnina.

Vetrarönn.

- Lesskilningsprófið Orðarún.
- Gátlisti um söguaðferðarverkefnið Pláneturnar okkar.
- Sjálfsmat nemenda.
- Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir önnina.

Vorönn.

- Málfræðipróf.
- Stafsetningarpróf.
- Gátlisti um heildstætt íslenskuverkefni um ævintýri.
- Sjálfsmat nemenda.

Stærðfræði

Kennari: Elfa Dröfn Stefánsdóttir, Erna Þórey Björnsdóttir og Margrét Magnúsdóttir

Vikustundir: 210 – 240 mínútur

Hæfniviðið: Stefnt er að því að nemendur geti:

- **Að geta spurt og svarað með stærðfræði:**
 - Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
 - Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notaðáþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir.
 - Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.
 - Rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleyðum og fylgt röksemdafærslu annarra.
- **Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar:**
 - Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.

- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðarmerki og tengt þau við daglegt mál.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.
- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- **Vinnubrögð og beiting stærðfræði:**
 - Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
 - Kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum.
 - Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
 - Undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.
 - Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
 - Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum
- **Tölur og reikningur:**
 - Notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman.
 - Notað tugakerfisrithátt.
 - Reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn hátt og óhlutbundinn hátt.
 - Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.
 - Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegur útreikningum.
 - Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.
- **Algebra:**
 - Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota læíkön og hluti.
 - Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð.
 - Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.
- **Rúmfræði og mælingar:**
 - Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.

- Gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.
- Unnið með mælikvarða og lögun.
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. þengd, flöt, rými, þynd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
- Rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.
- **Tölfræði og líkindi:**
 - Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
 - Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.
 - Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.
 - Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að m uni gerast og hver er tilviljunum háð.
 - Gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum.

Námsefni:

- Sproti nemendahefti 4a og 4b.
- Sproti æfingahefti 4a og 4b.
- Í undirdjúpunum – margföldun.
- Í undirdjúpunum – deiling.
- Ljósrituð verkefni eftir kennara, úr námsbókum og af netinu.
- Spil af ýmsum toga.
- Ýmis kennsluforrit.
- Ítarefni sem sumir nemendur fara í: Húrrahefti, Í undirdjúpunum – samlagning, Í undirdjúpunum – frádráttur, Viltu reyna? bækurnar, Við stefnum á margföldun og Við stefnum á deilingu

Inntak náms og kennslutilhögun:

Stærðfræðin er kennd í misstórum hópum sem ýmist verða getublandaðir, getuskiptir, aldursskiptir eða aldursblandaðir. Nemendur munu ýmist leysa verkefni sín einstaklingslega, í pörum eða sem einn hópur. Haldið verður áfram að kenna þrautir og þrautalausnir en með þeim þjálfar nemendur til dæmis færni sína í að finna hvaða upplýsingar þeir þurfa að nota og hvaða reikniaðgerðum eigi að beita hverju sinni. Sem fyrr verður lögð áhersla á að tengja stærðfræðina við daglegt líf nemenda og að verkefnin fjalli um hluti og aðstæður úr umhverfi þeirra. Kennslan fer ýmist fram inni eða úti. Ef um rannsókn er að ræða fer hún t.d. fram úti en sjálf úrvinnslan inni. Stærðfræðin verður tengd inn í Byrjendalæsisverkefnin eftir því sem unnt er. Einnig verður stuðst við kennsluaðferðina *Leikur að læra* sem leggur áherslu á að samþætta hreyfingu og nám.

Hægt er að nota aðferðina til að brjóta upp kennslu eða í kennslustund í heild sinni og ná markmiðum nemenda á skemmtilegan og líflegan hátt. Kennsluaðferðin virkar mjög vel fyrir þennan aldur þar sem hreyfipörfin er mikil, enda sýna rannsóknir að hreyfing hefur áhrif á hæfileikann til að varðveita nýja þekkingu.

Leitast er við að tengja grunnþætti nýju Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í skólastarfið. Til að mynda er unnið með grunnþátturinn *Heilbrigði og velferð* í gegnum útikennsluna þar sem nám, útivera og hreyfing fléttast saman. Unnið er með grunnþættinga *Læsi og Sköpun* í gegnum ýmiskonar þrautalausnir þar sem nemendur verða sjálfir að átta sig á hvaða leið þeir vilja fara í úrvinnslu þrautarinnar.

Námsmat

- Kaflapróf í Sprotu 4a og 4b.
- Lokapróf í Sprotu 4a og 4b.
- Sjálfsmat nemenda.
- Staðlað matsblað er notað til að meta veika og sterka þætti nemenda, unnið verklegt með kennara á vetrarönn.
- Nemendur safna verkefnum í námsmöppu yfir allt skólaárið.

Náttúrugreinar

Kennari: Elfa Dröfn Stefánsdóttir, Erna Þórey Björnsdóttir og Margrét Magnúsdóttir

Vikustundir: 120 mínútur, samþætt samfélagsgreinum

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

- **Geta til aðgerða**
 - Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.
 - Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.
 - Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.
- **Nýsköpun og hagnýting þekkingar**
 - Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.
 - Bent á störf sem krefjast sérþekkingar.
- **Gildi og hlutverk vísinda og tækni**
 - Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.
 - Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.
 - Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspili við hana.
- **Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum**
 - Sagt frá og framkvæmt með hversdaglegum hlutum eifaldar athuganir úti og inni.
 - Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.
 - Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.
- **Ábyrgð á umhverfinu**

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, sýnt félögum og náttúru álúð.
- Skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð.
- Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

Hæfniviðmið um viðfangsefni

- Að búa á jörðinni

- Sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum.
- Lýst landnotkun í heimabyggð.
- Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð.
- Notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð.

- Lífsskilyrði manna

- Rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu.
- Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.
- Bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi.

- Náttúra Íslands

- Útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfið.
- Greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi.
- Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.
- Útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðanda.
- Sagt frá náttúrhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.

- Heilbrigði umhverfisins

- Fjallað um samspil manns og náttúru.
- Flokkað úrgang.
- Gert grein fyrir þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.
- Rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.

- Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.

- Sagt frá þróun algengra rafmagnstækja og áhrifum segla.
- Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.

Inntak námsgreinar og kennslutilhögun:

Náttúrugreinar og samfélagsgreinar verða unnar mikið til samþætt. Upplýsinga er aflað sem víðast og með fjölbreyttum hætti. Meðal kennsluaðferða eru verkleg vinna, tilraunir, sýnikennsla, hugstormun og umræður. Leitast er við að gera nemendur sem virkasta í námi sínu.

Nemendur læra til dæmis um reikistjörnurnar, fræðast um hvernig ýmis tækni hefur þróast og gera allskyns tilraunir með efni úr eldhúsinu og velta fyrir sér áhrifum rafmagnstækja á matseld og ýmis heimilisstörf.

Leitast er við að tengja grunnþætti nýju Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í skólastarfið. Til að mynda verður unnið með grunnþáttinn *Sjálfbærni* í gegnum margskonar umhverfisfræðslu, flokkun og endurnýtingu. Grunnþátturinn *Læsi* kemur mikið við sögu þar sem unnið er með margskonar texta, hvort sem það er lestur hlustun eða ritun. Jafnframt eflir vinna með hvers lags skýringarmyndir myndrænt læsi nemenda. Grunnþátturinn *Heilbrigði og velferð* fellur undir útikennsluna. Grunnþátturinn sköpun fléttast inn í tilraunir.

Námsefni:

- Komdu og skoðaðu himingeiminn.
- Komdu og skoðaðu eldhúsið.
- Komdu og skoðaðu tæknina.
- Ítarefni eftir þörfum, svo sem náms- og fræðsluvefir, ljósmyndir, myndbönd og ýmis eldhúsáhöld og matvæli.

Námsmat:

- Gátlistar og leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir skólárið.
- Sjálfsmat nemenda.
- Skrifleg umsögn í lok hverrar annar.
- Nemendur safna völdum verkefnum í námsmöppu yfir allt skólaárið.

Samfélagsgreinar

Kennari: Elfa Dröfn Stefánsdóttir, Erna Þórey Björnsdóttir og Margrét Magnúsdóttir

Vikustundir: 120 mínútur, samþætt náttúrugreinum. 60 mínútur undir lífsleikni.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

- Reynsluheimur

- Borið kennsl á gildi svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Ísland í heiminum í ljósi sögu og menningar.
- Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi.

- Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.
- Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.
- Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
- Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum sem tengjast nærsamfélaginu.
- Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú.
- Sagt frá völdum þáttum og tímabílum í sögu fjölæskyldu og heimabyggðar.
- Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar
- Bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.
- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu.
- Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir í samfélaginu.
- Áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu.
- **Hugarheimur**
- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig
- Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim
- Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, s.s. gleði, sorg og reiði.
- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- Sett sig í spor annarra jafnaldra.
- **Félagsheimur**
- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.
- Hlustað á og greint ólíkar skoðanir.
- Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.
- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar og nefnt dæmi um slíkar reglur.

- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

Námsefni:

- Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti.
- Ísland áður fyrr.
- Eineltisskífa Olweusar.
- Efni tengt Uppbyggingarstefnunni.
- Lestextar um hátíðir í ýmsum trúarbrögðum, úr bókum og af netinu.
- Ítarefni eftir þörfum, svo sem fræðibækur, náms- og fræðsluvefir, ljósmyndir og myndbönd.

Inntak námsgreinar og kennslutilhögun:

Samfélagsgreinar og náttúrugreinar verða unnar mikið til samþætt. Upplýsinga er aflað sem víðast og með fjölbreyttum hætti. Skólinn hefur tileinkað sér Uppeldisstefnuna og verður mikið unnið eftir henni, sem og Olweusaráætlunni gegn einelti. Þessi vinna fer mikið til fram í gegnum umræður, hópavinnu og ýmsa leiki.

Leitast er við að tengja grunnþætti nýju Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í skólastarfið. Til að mynda er unnið með grunnþáttinn *Jafnrétti* í þeirri fjölbreyttu hópavinnu sem fram fer í tímum. Unnið er með grunnþáttinn *Lýðræði og mannréttindi* í gegnum ýmsa vinnu sem tengist Uppbyggingarstefnunni, s.s. Bekkjarsáttmála og Mitt og þitt hlutverk. Einnig fellur samvinna heimilis og skóla undir þennan grunnþátt. Grunnþátturinn *Læsi* kemur mikið við sögu þar sem unnið er með margskonar texta og grunnþátturinn *Heilbrigði og velferð* tengist vellíðan og sjálfsmynd nemenda.

Námsmat:

- Gátlistar og leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir skólárið.
- Sjálfsmat nemenda.
- Skrifleg umsögn í lok hverrar annar.
- Nemendur safna völdum verkefnum í námsmöppu yfir allt skólaárið.

Enska

Kennari: Margrét Magnúsdóttir

Vikustundir: 60 mínútur, á vorönn.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

- **Hlustun**
 - Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni.
- **Lesskilningur**
 - Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- **Samskipti**
 - Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar
- **Frásögn**

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt
- **Ritun**
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi
- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlistum
- **Menningarlæsi**
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík eða skyld öðrum sem hann þekkir
- **Námshæfni**
- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.

Námsefni:

- Verkefni frá kennara.
- Adventure island of english words og annað ítarefni eftir þörfum.

Inntak námsgreinar og kennslutilhögun

Unnið verður söguaðferðarverkefni þar sem nemendur búa til persónur og heimili og skapa sögu í kringum persónurnar. Samhliða þessari vinnu er grunnorðaforði lagður inn, svo sem litir, tölur, fatnaður, húsgögn og matur. Nemendur vinna ýmist einir, í þörum eða í litlum hópum. Mikil áhersla verður lögð á að nemendur geti skilið einföld orð og setningar á ensku og geti jafnframt tjáð sig að litlu leyti.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðalista og stök orð, sem og umræðum.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda.
- *Heilbrigði og velferð* tengist tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að tjá sig á ensku.
- *Sköpun* tengist verkefnagerð nemenda, svo sem þegar þeir búa til persónur og heimili.

Námsmat

- Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir önnina.
- Sjálfsmat nemenda.
- Skrifleg umsögn í lok annar.
- Nemendur safna völdum verkefnum í námsmöppu yfir allt skólaárið.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennari: Guðný Sigríður Ólafsdóttir

Vikustundir: 60 mínútur

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur:

- **Vinnulag og vinnubrögð**

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu.

- **Upplýsingaöflun og úrvinnsla**

- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni
- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.

- **Tækni og búnaður**

- Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni.
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.

- **Sköpun og miðlun**

- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt

- **Siðferði og öryggismál**

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga

Námsefni:

- Fingrafimi og ýmis önnur kennsluforrit á nams.is og skolavefurinn.is.
- Forritin Word, Paint, Power Point og Photo Story
- Scratch og fleiri forrit sem þjálfa grunnatriði forritunar

Inntak náms og kennslutilhögun:

Unnið er með einfaldan texta í ritvinnslu (Word), margmiðlunarefni og internetið. Unnið með forritið Power Point. Kennd grunnatriði forritunar m.a. í Scratch. Unnið með ýmis öpp/smáforrit í iPad. Ýmis kennsluforrit, s.s. forrit á síðunum www.nams.is og www.skolavefurinn.is. Skoðaðar verða valdar síður á Interneti (barnasíður og leitarvefir). Tölvutímarnir verða einnig notaðir til að dýpka þekkingu nemenda á ýmsu efni sem unnið er með skv. aðferðum Byrjendalæsis. Leitast er við að tengja grunnþætti nýju Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í skólastarfið. Til að mynda er unnið með grunnþáttinn *Læsi*. Nemendur öðlast færni í ritvinnslu og nýta sér hana við t.d. sögugerð. Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* er undirstaða alls náms. Í því felst að nemendur séu virkir þátttakendur í að vinna með og túlka eigin merkingu og bregðast við á persónulegan og skapandi hátt. Lögð er rík áhersla á að þróa læsi í víðum skilningi. Megináhersla er á sviði upplýsinga-, miðla- og menningarlæsi ásamt því að stuðla að almennt og góðri tæknifærni/tæknilæsi.
- *Sjálfbærni*. Að temja sér gott siðferði í vinnu með upplýsingar, vinnubrögð og meðferð gagna og tækja er í takti við kröfur um sjálfbærni í samfélaginu og er stór þáttur í upplýsinga- og tæknimennt.
- *Heilbrigði og velferð*. Í þverfaglegu námi fær nemandi góða innsýn í mikilvægi þess að vera vel upplýstur um þátt heilbrigðis í lífi og starfi og tengsl þess við velferð og lífsgæði.
- *Lýðræði og mannréttindi*. Að vera upplýsingalæs er ein af grunnstoðum þess að geta verið virkur þjóðfélagsþegn í lýðræðisþjóðfélagi og standa vörð um hvers konar mannréttindi og koma sjónarmiðum sínum þar af lútandi á framfæri á fjölbreyttan hátt.
- *Jafnrétti*. Að öðlast hæfni á sviði upplýsinga- og tæknimenntar er grunnur að jafnrétti og tryggir nemanda sömu tækifæri til náms óháð líkamlegri getu, kyni, búsetu eða tegund náms. Tæknin og læsið veita nemandanum sveigjanleika í námi, ýmist í staðbundnu námi eða fjarnámi, og mætir þannig þörfum hans með fjölbreyttum leiðum.
- *Sköpun*. Að veita nemendum tækifæri til sköpunar bæði í huglægu og hlutlægu námi er stór þáttur í upplýsinga- og tæknimennt. Sköpun byggist á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir hið þekkt og þar með auka þekkingu og leikni. Þó að sköpun sé nátengd listum og menningu er hún grunnþáttur sem stuðlar að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi.

Námsmat:

- Umsögn á vetrarönn/vorönn þar sem virkni, áhugi, færni í hæfniviðmiðum nemenda eru metin.
- Nemendur safna völdum verkefnum í námsmöppu yfir allt skólaárið.

Sjónlistir**Kennari: Skapti Þór Runólfsson****Vikustundir:** 90 mín aðra hvora viku

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- fjallað um eigin verk og annarra.
- unnið út frá kveikju við eigin
- listsköpun.
- gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans.
- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- unnið einföld verkefni í hópi.

Inntak náms og kennslutilhögun: Megintilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir. Kennt er með sýnikennslu verkefni kynnt og sýnd og um þau rætt. Einnig er stuðst við myndbönd og bækur. Nemendur vinna ákveðin skylduverkefni auk frjálsra verkefna með mismunandi efnum og litum og áhöldum. Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta og myndum. Nemendur fá tækifæri til að lesa úr umhverfi sínu ásamt að lesa og túlka myndmál úr listaverkum.

Sjálfbærni að nemendur séu meðvitar um umhverfisvernd og endurvinnslu, með því að nota endurvinnanleg efni til listsköpunar.

Jafnrétti að allir nemendur fái sömu tækifæri til listsköpunar á sýnum forsendum.

Lýðræði og mannréttindi tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.

Heilbrigði og velferð tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Sköpun Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.

Námsefni: Notast verður við bækurnar Myndmennt 1 og Markviss myndörvun. Til hvatningar og myndörvunar eru m.a. skoðaðar bækur, sýnd myndbönd ásamt þess að nota netið áður en hafist er handa við myndsköpunina.

Heimanám: Ekkert

Námsmat: Námsmat er byggt á símati, gátlistum og er skipt í eftirfarandi þætti:

Afurð (verkefni)

Hegðun/framkoma

Vandvirkni, iðni/afköst, sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsagnir í lok hverrar annar.

Hannyrðir

Kennari: Ásrún Ingvadóttir

Vikustundir: 90 mín. aðra hverja viku

Hæfniviðmið

Nemandi getur:

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum,
- unnið úr nokkrum gerðum textílefna
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum
- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu
- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt
- gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni
- leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.

Námsefni: Garn, tróð, filtefni, tvinni, prjónar og saumnál.

Inntak náms og kennslutilhögun: Megintilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir.

Nemendur læra að fitja upp og prjóna, búa til eitthvað úr því sem þau prjóna. Rifja upp að klippa og sauma, bæta við þá færni sem þau hafa þegar öðlast.

Megintilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir.

Nemendur læra að fitja upp og prjóna, búa til eitthvað úr því sem þau prjóna. Rifja upp að klippa og sauma, bæta við þá færni sem þau hafa þegar öðlast.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi felst í því að sjá fyrir um framvindu verkefna og hvaða tækifæri eru í umhverfinu.
- Sjálfbærni kemur inn á nýtingu efnis sem aflað er í umhverfinu og endurnýtingu.
- Lýðræði og mannréttindi tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- Sköpun er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.
- Heilbrigði og velferð tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Námsmat:

Námsmat er byggt á símati. Nemendur fá umsögn í vor.

Hönnun og smíði

Kennari: Jóhanna Skaftadóttir

Vikustundir: 90 mínútur aðra hverja viku.

Hæfniviðmið:

Stefnt er að því að nemendi geti:

Menningarlæsi

- unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar,
- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum,
- unnið einföld verkefni í hópi,
- útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið,
- gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans,
- fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín,
- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt,
- gengið frá eftir vinnu sína,
- lagt mat á eigin verk.

Handverk

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt,
- gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með.

Hönnun og tækni

- dregið einfalda skissu til að útskýra hugmyndir sínar,
- unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit,
- framkvæmt einfaldar samsetningar,
- bent á ýmis tæknifyrbrigði er tengjast hans daglega lífi,
- greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.

Umhverfi

- valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi,
- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með
- beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

Námsefni:

Áhöld og tæki smíðastofunnar og ýmiss konar efni til að vinna úr s.s. fura, krossviður, MDF, leður, plast og efni úr skógreit, málning og litir.

Inntak náms og kennslutilhögun:

Stefnt er að því að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og þjálfra einbeitingu og iðjusemi. Einnig að auka þekkingu á efnum og færni í notkun verkfæra. Auk þess er lögð áhersla á hönnun, handverk og menningu og að efla skilning nemenda á tengslum manns og umhverfis. Nemendi kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum sem reyna á sköpunarkraft og stefnt er að því að hann öðlist þekkingu og færni sem hann getur yfirfært m.a. á tómstundir. Leitast er við að nemandi sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta og geti þannig haft áhrif á umhverfi sitt. Nemandi sé vakinn til umhugsunar um notkun efnis í nærumhverfi sínu, nýti skóginn ef þess er kostur og stuðli þannig að sjálfbærni.

Innlögn verkefna og sýnikennsla fer ýmist fram yfir allan hópinn eða að hver nemandi fær leiðsögn með sitt verkefni. Nemendur vinna sjálfstætt að sínum verkefnum en einnig er lögð áhersla á að þeir hjálpist að við lausn vandamála. Samvinna er með öðrum kennurum varðandi einstök verkefni.

Hjá 4. bekk er m.a. áhersla á að nemendur:

- vinni með m.a. laufsög, útsögunarklauf, handsög, hamar, skrufjárn, vinkil, þvingu/klemmu, hefil, þjöl/rasp, brennipenna, súluborvél og læri á tifsög.
- vandi frágang og meti eigin vinnu.
- geti skreytt hluti á persónulegan hátt.
- framkvæmi límingu, neglingu og að skrúfa saman hluti.
- geri raunhæfar kröfur til eigin getu og færni.
- læri rétta notkun vinnuhanska, öryggisgleraugna og heyrnarhlífa.
- gangi vel um og geti þrifið vinnuumhverfi sitt skipulega.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

-*Læsi* tengist umfjöllun um hinar ýmsu merkingar og reglur. Nemendur þurfa að hlusta á og lesa ólík fyrirmæli, þeir skoða bækur með smíðahugmyndum og þurfa að lesa og skrifa einfaldar verkefnalýsingar. Nemendur öðlast einnig innsýn í heim tækninnar og eflir það læsi þeirra á manngert umhverfi.

- *Sjálfbærni* tengist umfjöllun um nýtingu skógarafurða og smíðaefnis.

- *Heilbrigði og velferð* tengist meðferð allra áhalda, tækja og efna. Mikil áhersla er lögð á að nemendur umgangist þessa þætti af gát til að minnka slyshættu og stuðla að þrífnaði og góðri heilsu.

- *Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti* tengist umræðu um dæmigerð karla og kvennastörf eða verkefni t.d. að bæði strákar og stelpur geta verið smíðir, geta saumað leður saman með nál, pússað vel, smíðað dúkkurúm eða sverð og málað bleikum lit.

- *Sköpun* en virkjuð þegar nemendur koma með hugmyndir að verkefnum, þeir hanna og vinna smíðahluti, teikna upp og klippa snið, velja yfirborðsefni og liti og aðlaga ýmsar hugmyndir yfir á ný verkefni.

Heimanám:

Ekki er um eiginlegt heimanám að ræða heldur þurfa nemendur stundum að skoða hluti eða hanna heima þegar ný verkefni eru lögð fyrir.

Námsmat:

Umsögn í lok vetrar sem er byggð á símati og er áhersla á vinnusemi, verklægni, sjálfstæði/hugmyndaauði, vandvirkni og hegðun. Einnig meta nemendur sig sjálfa og gera verklýsingu á einu verkefni sem fer í sýnimöppu.

Heimilisfræði

Kennari: Ingibjörg R. Kristinsdóttir

Vikustundir: 90 mín. þriðju hvora viku. 4. bekkur er þrískiptur í heimilisfræði; Grann, Gulur, Rauður.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

Matur og lífshættir

- tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan
- farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- tjáð sig um helstu kosnaðarliði við matargerð og heimilshald almennt.

Matur og vinnubrögð

- útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir
- farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld
- sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi
- nýtt sér ýmsa miðla til að afla sér upplýsingar um einfaldar uppskriftir.

Matur og umhverfi

- sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni
- skilið einfaldar umbúðamerkingar.

Matur og menning

- tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og viti hvað er þorramatur og þjóðlegur matur.

Námsefni: *Hollt og gott 2 og 3*, efni frá kennara og videomyndbönd af Youtube.

Inntak náms og kennslutilhögun: Í heimilisfræðitímum verður unnið með umræður og fræðslu, nemendur gera bæði verklegt, bóklegt úr vinnubók og fá sýnikennslu og yfirleitt eitthvað að smakka. Gengið er út frá að nemendur læri helstu hugtök sem viðkemur í heimilisfræðum og þekki þau áhöld sem notuð eru í eldhúsi. Gert er ráð fyrir að þau lesi og læri að vinna eftir uppskriftum og því einnig því sem þau sjá á youtube. Farið er yfir hvernig við getum verndað umhverfið og hvernig við getum verið hagsýn. Eins hvernig er hægt að rækta eigið grænmeti og vera sjálfbær. Gert er ráð fyrir að nemendur fái tækifæri á að hafa skapandi hugsun og koma með hugmyndir og innlegg. Að þau læri að vera gagnrýnin á jákvæðan hátt. Einnig að hugur og hönd fái að njóta sín í verklegri vinnu. Unnið verður með sköpun þannig að hugmynd verður af einhverju. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda með uppskriftir, áhorfi á myndefni og fleira.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda og vali nemenda um hvað er matreitt í kennslustundum.
- *Sjálfbærni* tengist umræðum um ýmis málefni í heimilisfræðum, svo sem hvað varðar innkaup og umhverfismál.
- *Heilbrigði og velferð* tengist líðan og þátttöku nemenda í kennslustundum, umfjöllun um nestismál, hollt og gott matarræði, nægilegt matarmagn og fleira.
- *Sköpun* tengist allri verklegri vinnu, til dæmis að nemendur vandi framsetningu matarins og leggi t.d. snyrtilega á borð og gangi vel frá eftir sig.

Námsmat: Skrifleg umsögn sem byggist á símati þar sem metið er frumkvæði, sjálfstæði, félagsfærni, vinnusemi, tillitssemi, þjónustulund, samvinna, umgengni og afrakstur.

Tónmennt

Kennari: Kristjana Arngrímsdóttir

Vikustundir: 90 mín. aðra hvora viku. Tónmennt í 4. bekk er á vegum tónlistarskóla Dalvíkur.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

- þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun
- greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna
- leikið einfaldan rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri
- tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt

- geirnt einföld stílbrigði í tónlist
- rætt um eigin tónlist og annara út frá smekk og upplifun

Námsefni: Bækur um tónlist, hlustunarefni, veraldarvefurinn, skólahljóðfæri o.fl. sem til fellur.

Inntak náms og kennslutilhögun: kynnt er og reynt að efla áhuga á sem fjölbreyttastri tónlist. Sungin eru fjölbreytt lög. Sérstök áhersla er lögð á menningararf íslensku þjóðarinnar. Þjálfað er tón- og taktskyn með hljóðfæraslætti og hreyfingu. Tónskáldin eru kynnt og hlustað á tóndæmi. Nemendur læra um hljóðfærin og hljóðfæraflokkana.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- læsi tengist vinnu nemenda með söngtexta.
- sköpun tengist tjáningu, einfaldri tónsköpun og upplifun af hvers konar tónlist
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda og vali nemenda um hvað hvað er hlustað á , sungið og skapað í kennslustundum.
- sjálfbærni tengist umræðum og söngvum um umhverfið.
- *Heilbrigði og velferð* tengist tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að koma fram bæði í söng og tjáningu.

Námsmat: Skrifleg umsögn. Jákvæðni, virkni og þátttaka metin til einkunnar.

Dans

Kennari: Ása Fönn Friðbjarnardóttir

Vikustundir: 1 klst.

Hæfniviðmið í dansi:

Líkamsvitund, leikni og geta.

- Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við greyfigetu eigin líkama.
- Dansað einföld hreyfimyndir og notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóðdönsum.
- Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara.
- Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur.
- Tekið tillit til jafningja í samstarfi.
- Hlustað á hugmyndir þeirra og lagt fram eigin.
- Rætt um hreyfingu í takt við tónlist út frá persónulegri upplifun.

Námsefni:

Bækur um dans, hlustunarefni, veraldarvefurinn, mydefnii o.fl. sem til fellur.

Inntak náms og kennslutilhögun: Að örva líkams- og hreyfiproska í takt við tónlist.

Kunna mun á hæri og vinstri, fram, aftur, hæl og tá. Hlusta og gera greinarmun á tónlist með mismunandi hraða og áherslum. Að örva og þroska líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfigreind einstaklingsins. Hlúa að og örva hreyfi- og rýmisgreind og félagsþroska og veita einstaklingum þannig aukið tækifæri til að þroska og mennta. Efla/þjálfa aga, áræðni, samhæfingu, kjark, færni, samvinnu, kurteisni, tillitssem og líkamsreisn.

Kennslan byggist á að kenna einföld hreyfimyndir í dönsum. Örva hömlulausa líkamstjáningu við tónlist. Þjálfa taktskyn.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

-*Læsi* tengist umfjöllun um hinar ýmsu merkingar og reglur. Nemendur þurfa að hlusta á og lesa ólík fyrirmæli.

- *Sjálfbærni* tengist almennt góðri umgengni í Íþróttamiðstöðinni.

- *Heilbrigði og velferð* tengist ýmsum þáttum sem rætt er um t.d. mikilvægi hreyfingar, réttar líkamsstöðu. Umræða um samskipti og líðan.

- *Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti* tengist ýmiss konar hópdönsum, paradönsum umfjöllun um samskipti.

- *Sköpun* birtist í hinum ýmsu dönsum. Freestyle dans og semja dans.

Heimanám:

Ekki er um eiginlegt heimanám að ræða heldur fá nemendur tilmæli um að vera t.d. duglegir að æfa sig heima.

Námsmat:

Námsmat er símat þar sem kennarar metur nemendur jafnóðum. Námsmat er afhent 2 sinnum yfir veturinn sem umsögn.

Skólaíþróttir

Kennarar: Heiðar Davíð Bragason, Helena Frímannsdóttir og Sólveig Lilja Sigurðardóttir.

Vikustundir: 3x60 mínútur

Hæfniviðmið í skólaíþróttum:

Stefnt er að því að nemendur geti:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- gert æfingar sem reyna á þol

- gert æfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi
- sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu
- sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum
- tekið þátt í stöðluðum prófum
- tekið þátt í leikjum í vatni
- synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund stuttar vegalengdir með eða án hjálpartækja
- kafað eftir hlut
- velt sér af kvið yfir á bak

Félagslegir þættir

- unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum
- farið oftast eftir leikreglum
- skilið einföld skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum
- gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans

Heilsa og efling þekkingar

- skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun
- útskýrt líkamlegan mun á kynjum
- notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu
- þekkt heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugta og hreyfinga
- sett sér einföld þjálfunarmarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim
- sótt og unnið úr einföldum upplýsingum varðandi íþróttir
- gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum og æfingum
- tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum
- tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs

Öryggis- og skipulagsvenjur

- farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum

Námsefni:

Áhöld og tæki íþróttamiðstöðvar s.s. boltar, bekkir, dýnur, keilur, mörk, rimlar, kaðlar og smááhöld. Ýmis áhöld til sundkennslu s.s. flár, blöðkur, fótaflot, flotstangir, hringir og kafhlutir.

Inntak náms og kennslutilhögun:

Meginmarkmið skólaíþróttar er að örva skyn- og hreyfiproska hvers nemenda, auka þrek hans og afkastagetu og stuðla þannig að heilbrigði og velferð einstaklingsins. Markmiðið

er einnig að gera nemendur það vel synda að þeir geti bjargað sjálfum sér og öðrum á sundi og að nemendur fræðist um gildi sundiðkunar með tilliti til almennrar líkams- og heilsuræktar.

Íþróttakennslan byggist upp á ýmsum leikjum, boltaleikjum, áhaldaleikfimi, stöðvahringjum og teygjum. Reynt er að hafa íþróttakennsluna fjölbreytta og er mikil áhersla lögð á nám í gegnum leik. Áhersla er einnig lögð á jákvæðan aga og að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Innlögn verkefna fer yfirleitt fram yfir allan hópinn og síðan vinna nemendur ýmist einir, í pörum eða hópum. Í *sundi* er reynt að miða kennsluna við getu og þarfir hvers nemenda. Verkefni eru lögð fyrir yfir allan hópinn eða í litlum hópum (fyrirmæli við hverja braut). Meginmarkmið skólasunds í 4. bekk er áframhaldandi vinna í flestum sundtegundum. Unnið er með fjölbreyttar tækniæfingar í bringusundi, skriðsundi, skólabaksundi, baksundi og flugsundi. Farið er í tækni við öndun, köfun, stungur og að spyrna í bakka. Einnig er komið inn á þætti er tengjast björgun.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist umfjöllun um hinar ýmsu merkingar og reglur. Nemendur þurfa að hlusta á og lesa ólík fyrirmæli og þeir skrá niður árangur t.d. í stöðvaþjálfun.
- *Sjálfbærni* tengist meðferð áhalda og tækja og umgengni. Við viljum að hlutirnir endist.
- *Heilbrigði og velferð* tengist ýmsum þáttum sem rætt er um t.d. mikilvægi hreyfingar, sturtu og þrifnaðar, mikilvægi þess að kunna að synda, einnig tengist þessu umræða um samskipti og líðan.
- *Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti* tengist ýmiss konar hópleikjum, umfjöllun um samskipti, ólíkar íþróttagreinar, karla og kvennaíþróttir og þátttöku fatlaðra í tímum.
- *Sköpun* birtist í hinum ýmsu þrautum og leikjum t.d. myndastyttuleik, í frjálsum leik og þegar nemendur setja upp þrautabrautir.

Heimanám:

Ekki er um eiginlegt heimanám að ræða heldur fá nemendur tilmæli um að vera t.d. duglegir að hreyfa sig heima, gera teygjur, æfa sig að gera beygja-kreppa-sundur-saman og borða hollan mat.

Námsmat:

Námsmat er símat þar sem kennarar meta nemendur jafnóðum. Nemendur fylla einnig út sjálfsmatsblað að vori sem sett er í sýnimöppu þeirra.

Íþróttir: Námsmat er afhent 3 sinnum yfir veturinn sem umsögn. Á haustönn er *færni, viðhorf og hegðun* metin, á vetrarönn eru *þol, liðleiki og virkni* skoðuð og á vorönn eru metnir þættir eins og *færni í leikjum, hreysti, viðhorf og hegðun, virkni og færni í*

leikfimi. Auk þessa er um almennar umsagnir að ræða sem koma inn á framkomu í tímum, ástundun og almenna hreyfifærni.

Sund: Námsmat er afhent 2 sinnum yfir veturinn sem umsögn. Á haustönn eru *færni, viðhorf og hegðun* skoðuð og á vorönn fá nemendur umsögn sem kemur inn á atriði eins og áhuga og virkni í tímum, hegðun og sundfærni. Einnig eru samræmd markmið fyrir 4. bekk metin með umsögninni: *Markmiði náð- framvinda góð- þarfnast frekari þjálfunar*. Samræmd markmið fyrir 4. bekk eru:

- 25 m bringusund.
- 15 m skólabaksund.
- 12 m skriðsund.
- 12 m baksund.
- Flugsundsfótatök.
- Stunga af bakka eða palli.

Heimanám í bóklegum fögum

Nemendur fá heimanámsmöppu á mánudögum sem inniheldur verkefni sem þeir skulu vinna heima í vikunni og skila á föstudegi. Venjulega verður nemendum sett fyrir að leysa tvenns konar verkefni í viku hverri, til dæmis skrifa í skriftarbók, leysa stærðfræðipraut, semja sögu í sögubók, reikna ákveðnar blaðsíður í stærðfræðibók eða leysa málfræðiverkefni. Að auki eiga nemendur að lesa daglega upphátt fyrir einhvern heima og skrá lesturinn á þar til gerðan lestrarmiða. Hver og einn fær lestrarefni sem hentar getu hans. Nemendur geta stundum fengið heim verkefni sem þeir náðu ekki að ljúka í skólanum og eiga þá að ljúka við þau heima. Foreldrar eru sem fyrr hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara ef þeim finnst heimanám barna sinn vera of lítið eða of mikið.